

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skatt á líkamsrækt.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hverjar voru skatttekjur ríkissjóðs árin 2003 og 2004 af
  - a. styrkjum sem verkalýðsfélög veittu félögum sínum til líkamsræktar,
  - b. styrkjum sem atvinnurekendur veittu starfsmönnum sínum til líkamsræktar og stóðu sjálfir straum af,
  - c. líkamsræktarstyrkjum frá atvinnurekendum sem flokkast sem hlunnindi hjá starfsmönnum?
2. Hvað má telja að ríkissjóður missi í skatttekjum af þessum toga vegna ákvæða í reglugerð fjármálaráðherra nr. 483/1994 um frádráttarbæran kostnað atvinnurekenda „við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu“ á vinnustaðnum sjálfum?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að lagður skuli skattur á áðurnefnda styrki til líkamsræktar?
4. Hver er afstaða ráðherra til þess að líkamsrækt starfsmanns í sérstakri „heilsubótaraðstöðu“ á vinnustað er skattfrjál en stuðningur atvinnurekanda til líkamsræktar annars staðar er skattlagður?